

Fundargerð

Miðvikudaginn 2. nóvember 2022 var haldinn fundur hjá starfshópi um hjólastefnu Hafnarfjarðar, og hófst hann kl. 15:00 á skrifstofu Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar, Norðurhelli 2, 221 Hafnarfjörður. Mættir voru: Díana Björk Olsen (DBO), Hilmar Ingimundarson (HI), Lilja G. Karlsdóttir (LGH), Ómar Freyr Rafnsson (ÓFR), Sigurjóna Hauksdóttir (SH), Helga Stefánsdóttir (HS) Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar, Berglind Guðmundsdóttir (BG) Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar.

Fyrir var tekið:

1. Fundargerð

Síðusta fundargerð lögð fram til samþykktar - Samþykkt

2. Stefnuvinna

Hjólastefna Akureyrarbæjar og aðalskipulag tekið til skoðunar. Umhverfis- og auðlindastefna Hafnarfjarðarbæjar (2018) einnig skoðuð, þá sérstaklega kafla 4, Samgöngur og skipulag og kafla 6., Útivist og heilbrigður lífstíll. Góð skýrsla til þess að hafa til hliðsjónar, markmið og stefna sem vert er að skoða. Úr hjólastefnu Akureyrarbæjar sjáum við myndræna uppsetningu og hugmyndir að útsetningu. Aðalskipulag Hafnarfjarðarbæjar hefur einnig hluta um hjólreiðar sem hægt er að líta til. Hjólréiðastefna Reykjavíkurborgar gefur okkur hugmyndir um útfærslu og aðgerðir sem hægt væri að ráðast í. Þar er kostnaðaráætlun og aðgerðaráætlun sem gott er að líta til. Skoðuð gatnamót og skipulag frá dönum. Borgarlínan skoðuð, stofnstígakerfið fylgi skipulagi hennar og leiðanet virki samhliða henni.

3. Forgangsröðun og stefnumótun

Hópurinn ræddi forgangsröðun verkefna. Hvort ráðast ætti í vinnu á hverfum eða stofnleiðum. Niðurstaðan er sú að stefnan þurfi að koma fyrst. Stefnan er til á mörgum stöðum, sbr. lið 2. Mikið efni til um hvert bærinn stefnir í málefnum hjólandi og margt hægt að nýta. Byrja skýrsluna á því sem er nú þegar til í stefnu bæjarins og er núgildandi. Starfshópurinn komist svo að niðurstöðum um hvernig má breyta og bæta. Stefnan þarf að vera til áður en

vinnan hefst. Hópurinn vill sjá góða aðgerðaráætlun í stefnunni sem unnin verður, sbr. hjólreiðastefnu Reykjavíkurborgar.

Stofnað var skjal um stefnuna sjálfa á Google Docs og byrjað að huga að skiptingu verkefna. HI byrjar á greiningu markhópanna.

3.1 Útlit og uppsetning stefnunnar: Hafa uppsetningu skýra og aðgengilega, hnitmiðaða aðgerðaráætlun og fjárhagsáætlun sem samræmist henni. Útlit hjólastefnu Reykjavíkurborgar og myndefni frá stefnu Akureyrarbæjar til hliðsjónar. Hafa þetta plagg sem fólk vill lesa. Byrjuðum á að ræða uppsetningu á skýrslunni; Markmið, aðgerðir, tímaáætlun, kostnaðaráætlun, greining hverfa, hönnun innviða og rekstur og viðhald þeirra.

4. Almenn umræða

- Hópurinn ræddi hugmyndir að nöfnum á hjólaleiðirnar í stað litanna sem þær eru kenndar við.
- Hópurinn vill bæta öryggi á hjólaleiðum. Merkja þarf stíga og passa að þeir séu vel lýstir. Aðgreining stíga þar sem hægt er (C stígar).
- Hugmyndir að markmiðum sem hægt væri að hafa í skýrslunni, stefnt að ákveðinni tölu km af hjólastígum, stefnt að ákveðin prósentu aðalstíga verði aðskildir stígar á innan tiltekinna tímamarka. Markmið séu tímamæld.

Fundi lokið klukkan 17:00